

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg árangurslaus fjárnám voru gerð hjá einstaklingum árlega frá 1995, sundurliðað eftir sýslumannsembættum?
2. Hve margir einstaklingar voru lýstir gjaldþrota árlega frá 1995, sundurliðað eftir umdæmum héraðsdóma?
3. Hve margir óskuðu eftir gjaldþrotaskiptum hjá einstaklingum á þessum árum, sundurliðað eftir
  - a. innlánsstofnunum,
  - b. sjóðum,
  - c. einstaklingum,
  - d. öðrum?

Skriflegt svar óskast.